

**FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR**

Þriðjudaginn 17. maí 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 10<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Valdimar J. Björnsson og Magnús B. Jónsson  
Auk þess mætti Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi sveitarfélagsins á fundinn undir dagskrárlið 1.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2010 (fyrri umræða)**

Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi sveitarfélagsins, kynnti ársreikning sveitarstjóðs og stofnana fyrir árið 2010 og fór yfir helstu lykiltölur hans.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti að vísa honum til annarrar umræðu á næsta fundi.

**2. Verkferlar v. þvingunarúrræða byggingarreglugerðar**

Fyrir fundinum lá tillaga að verkferlum vegna athugasemda og beitingu þvingunarúrræða byggingarreglugerðar þegar krafist er úrbóta eða endurbóta á eignum í sveitarfélaginu.

Verkferlarnir voru ræddir og farið yfir meðferð mála og áhrif þeirra en þeir voru síðan samþykktir af sveitarstjórn.

**3. Önnur mál**

Umræður urðu um

- sjávarútvegsmál og breytingar á kvótakerfi
- hundahald og lausagöngu hunda.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12<sup>24</sup>

Adolf H. Berndsen

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Valdimar J. Björnsson

Magnús B. Jónsson